# Bréf til og málefni bæjarstjórnar1859-1862

Aðfnr. 5208, 3. hluti

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

hvorug meðlögð bréf frá hlutaðeigandi hreppstjórunum
annar, Guðmundi Þórðarsyni báru með sér.
skýra honum að hann hafi ekki numið [illegible]
lærdóms sem 4ði meðlimur í fátækrasjóðnum
bæjarins, og með því það verður að hann
hafi öðrum framar lag að koma í skóla glöggt
ófæ og sönnuð kunnáttuleysi að fá þægjlegra
bæjarfulltrúanna um málið. og í þessu
tilliti veiting Guðmundar þá byggð, og
um leið bagi undanfarandi. —

Lærða Skólahúsi, 6ta Marts 1860

B Jónsson
rector

Til Reykjavíkur bæjarfulltrúa

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Útskript
úr þingbók Reykjavíkur bæjar.

Ár 1859, fimmtudaginn hinn 1. Decbr, var af réttum land- og bæjarfógeta, [illegible] yfirréttar málsfærslumanni H. E. Johnsson með vottum A. Arnasyni, Þr. Bjarnasyni, A. Gíslasyni og E. Magnússyni venjulegt bæjarþing sett og haldið á skrifstofu bæjarfógetans í Reykjavík. —

Þar næst settist í réttinn Consul sýslumaður P. Melsteð, var þá tekin fyrir sökin No 5/1859 Consul M. Smith
contra
Reykjavik Kjöbstads Communalbestyrelse

Parterne vare mödte. Ifölge en af Indstævnte given Anledning bleo der imellem Parterne mæglet, og for Byen Reykjaviks Vedkommende paa Sönderamtets forventede Approbation indgaaet efterfölgende ~~Forlig~~ Sætt:

Consul M. Smith skuldbindur sig til að leyfa, að vatnsbólið á eign hans No 10 í Ingólfsbrekku fram vegis megi standa og verða notað af bænum, hér eptir sem hingað til, þó þannig, að vegurinn að vatnsbólinu og kringum það verði umgirtur með forsvaranlegum skíðgarði til varnar lóðinni gegn átroðningi af mönnum og skepnum. Þar á móti skuldbindur bæjarstjórnin sig til, meðan hún notar vatnsbólið, að greiða lóðareiganda í árlegt eptirgjald 20 - tuttugu ríkisdali ríkismyntar, sem eru fallnir til borgunar þ. 1sta Júlí ár hvert, og í fyrsta sinn 1sta Júlí árið 1860, samt við halda girðingunni í forsvaranlega standi samkvæmt ofanskrifuðu. En fari svo, að bæjarstjórnin hætti við að hafa vatnsból á lóð þessari, þá fellur leigan burtu, en lóðareigandi á, ef honum svo sýnist, forkaupsrétt á öllum mannvirkjum og áhöldum, sem höfð hafa verið við vatnsbólið eptir nákvæmara samkomulagi við bæjarstjórnina. Þannig var málið hafið. Hinn stefndi skilaði aptur skjölunum. Þessu til staðfestu eru vedkommende undirskrifuð nöfn.

P. Melsteð. P. Gudjohnsen. J. Gudmundsson.
ob
Rétta [illegible]
[illegible]
gr. 

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptir því, sem séð verður af gjörðabókum bæjarstjórnarinnar, samanbornum við þar að lútandi bréf einkum dómsmála ráðherra bréf dags. 30. Juni 1857, virðist svo, sem fulltrúi tómthúsmannanna herra Jón Þórðarson sé sá elzti meðlimur bæjarfulltrúanefndarinnar, og því eigi nú í byrjun næstkomanda árs, að velja fulltrúa í hans stað tómthúsmannanna, jafnvel þótt hinn nú verandi fulltrúi þeirra hafi ekki setið sex ár í nefndinni. Þótt mér nú virðist þetta nokkurnveginn óyggjandi vil eg samt biðja hinn háttvirta formann bæjarfulltrúanna að bera þetta undir álit meðnefndarmanna sinna og skíra mér svo frá áliti fulltrúanefndarinnar þarum, og þá jafnframt, ef svo fer, að þetta verði að álitum, að hlutast til að hinn nú verandi fulltrúi tómthúsmannanna samkvæmt bæjarstjórnar reglg. §. 9. einnig taki sæti í kjörstjórninni

Skrifstofu bæjarfógetans í Reykjavík 7. desbr 1859

H Clausen

Th

Til
Formanns bæjarfulltrúanna, yfirréttar procurators J. Guðmundssonar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hér með sendist hinum heiðruðu bæjarfulltrúum
skýrsla sú sem samkvæmt reglg 27 Nov 1847 § 19
er innkomin frá fátækranefndinni um, hve
mikla muni þurfa fyrir nærkomandi ár
að jafna niður á bæjarbúa, sem aukaút-
svari til þessa manna bæjarins

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík 28 Nov 1859

V Finsen

/ ft

Til

Bæjarfulltrúanna í Reykjavíkur kaupstað

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útskript
## af fátækranefndarbók Reykjavíkurbæjar.

Ár 1859, þann 28 Nov. hélt fátækranefndin fund, og tók fyrir fylgjandi:

— — — — —

2° var tekið til yfirvegunar, hve mikla mundi þurfa að jafna niður á bæjarbúa, sem aukaútsvari fyrir næstkomandi ár, 1860. Þörfin virðist muni verða þannig:

| | |
|---|---|
| a. handa vissum þurfamönnum | 768rd 72 |
| b. handa óvissum þurfamönnum og til greptrunar fátækum | 180 – |
| | 948 – 72 |

Til lúkningar þessu er í vændum:

| | | |
|---|---|---|
| 1. vextir af fátækrafé | 38rd 48 | |
| 2. Gjöf stiptamtmanns og biskups og aðrar tekjur | 40 – | |
| 3. fátækratíund | 60 – | 138 – 48 |
| standa þá eptir | | 810 – 24 |

sem hljóta að niðurjafnast á bæjarbúa. Hvort nokkuð verður í sjóði við árslokin verður ekki séð, fyr en á þeim tíma. Um þetta verður bæjarstjórninni skrifað samstundis.

— — —

Fundi slitið

O. Pálsson. HKJohnson HKJohnsen, S. Skaptason. O Steingrímsson

samhljóða gjörðabók fátækranefndarinnar

vottar: HKJohnsen

7 L

Bfj D, N I 36/59

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stiftamtið hefir 9. d. næstliðinns júlímánaðar skrifað bæjarfógetanum þannig:

"Með bréfi herra Cancelliráðs af 4. f. m. hefi eg meðtekið útskript af uppboðsbók Reykjavíkur bæjar, samkvæmt hverri Stuðlakots og Skálholtskots tún hér í bænum eru seld við uppboð þann 27. Mai seinastl. í 5 hlutum til ófinlegrar eignar fyrir árlegt eptirgjald, sem hér greinir:

| | |
|---|---|
| 1 Norðurvöllurinn Einari snikkara Jónssyni fyrir árlegt gjald | 51 al |
| 2. Miðvöllurinn Einari Einarssyni múrara fyrir árlegt gjald | 33 – |
| 3. Útnorðurvöllurinn factor E. Þórðarsyni sömuleiðis | 74 – |
| 4. Útsuðurvöllurinn Jóni Guðmundssyni sömuleiðis | 50 – |
| 5 Landsuður St. Einari Einarssyni sömuleiðis | 41 – |
| | 249 al |

allt að svara eptir meðalverði hvers árs gildandi verðlagsskrár. Hafið þér ásamt bæjarstjórninni mælt fram með, að boð þessi mætti öðlast samþykki amtsins enda þó þau eptir þessa árs verðlagsskrá aðeins nemi 46rd 66ß, en leigan fyrir seinast liðið ár hafi verið 54rd 16ß og getið þess, að nú muni varinn menn betast upp með túnunum, þar sem gjöra megi ráð fyrir, að verðlagsskráin sem í ár er með

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

legra máti muni stíga aptur í 20 faðma eða þar yfir.
Amtið lætur í þessu tilliti ekki hjá líða að til-
kynna yður til birtingar fyrir hlutaðeigendum, að
þar þér og bæjarstjórnin hafið mælt fram með,
að ofanskrifuð boð verði samþykkt, og mismunur
inn er ekki stórvægilegur, en stendur að öllum
líkindum til bóta, finnur amtið ekki nóga
ástæðu til að neita um samþykki sitt til boð-
anna".

Þetta læt eg ekki hjá líða, hér með, að tilkynna
hinum heiðruðu bæjarfulltrúum.

Skrifstofu bæjarfógetans í Reykjavík, 8. novbr 1859

V. Finsen

VF

Til bæjarfulltrúanna
Herra yfirréttarmálsfærslumanns J. Guðmundssonar
— Kaupmanns Kl. St. Johnsens
— Fr. Zahrsens
— skólakennara, H. Kr. Friðrikssonar
— Assessors Jóns Péturssonar
— tómthúsm. Jóns Þórðarsonar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

yfir.
til-
, að
ð,
numer
um
a
l boð-

ma

859

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifari Jón Eiríksson hér í bænum, sem, síðan
orgelið í dómkirkjunni bilaðist næstl. Trinitatis
sunnudag, hefir nokkra sunnudaga staðið þar
fyrir sálmasöng, hefir þann 21. þ. m. skrif-
-að mér hér með fylgjandi bréf, sem auk
annars inniheldur nokkurskonar tilkynn-
-ingu til mín um það, að hann mælist
undan hér eptir að gegna í dómkirkjunni
öðrum forsöngvarastörfum, en að spila á
orgelinu. Þegar daginn eptir skrifaði
ég Stiptamtmanninum einnig með fylgj-
-andi eptirrit skjals, og mæltist til þess,
að hann, sem yfirumsjónarmaður kirkjunn-
-ar, gjörði ráðstöfun fyrir, að einhver
stöðug forstaða yrði fyrir söngnum í
dómkirkjunni, svo lengi sem orgelið
ekki yrði viðhaft, og má af því bréfi
mínu nákvæmlegar sjá, í hverju horfi
málefni þetta hefir verið nú í fullar
18 vikur. Í gærkvöldi fékk og frá
Stiptamtmanninum innlagt bréf, sam-
-dægurs dagsett, og svarar hann á þá
leið, að mál þetta sé sér óviðkomandi.

Með þessu móti vofir enn yf-
-ir það vandræði, sem í raun réttri hefir
mátt búast við allt næstl. sumar, að
Guðsþjónustan kunni, þegar minnst varir,
að fyrirfarast, af því enginn er, sem
standur fyrir söngnum, og getur það
orðið til baga fyrir einstaka meðlimi

Bfg N, 18/59

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

safnaðarins, en hinu þarf og ekki að lýsa.
hvernig á því fer, ef svo skyldi lengi gánga,
í þeim söfnuði, sem fjölmennastur er og helst
skipaður mönnum hér á landi, að það
skyldi bregðast, sem þrá hans sjálfur á að
koma fram í guðsþjónustunni. Eg sé
nú ekki annað úrræði, en að rétta þessu
málefni, til einhverrar aðgjörða, til manna
utanúr safnaðarmanna sjálfra, og þá sér í lagi
til yðar, háttvirtu herrar! sem að vísu ætla
hinar sömu, með þeirri ást og von, að
fyrir yðar góða tilstilli mættu í söfnuð-
-inum verða gjörð einhver samtök eða
ráðstöfun, til að afstýra þeim vandræðum,
sem geta hlotist af því horfi, sem þetta
mál er nú í. Mér er það ákaflega
kunnugt, að í söfnuðinum eru þeir flestir,
sem hverjum hér í lagi er innilega hug-
-haldið, að þetta megi fara í góðu lagi,
en að undanförnu hefir ekki eiginlega
getað komið til þess, að viðhafa í þessu þau
samtök, sem nú þarf, þarsem söngnum
hefir undir 20 ár verið stjórnað af organ-
-inu. Þó ekki geti þetta málefni
þá þegar komist í rétt horf, þá vil eg
samt leyfa mér að geta þess að einhverjar
bráðabyrgðarráðstöfun þyrfti að gjörast
fyrir næstkom. sunnudagi, því þá mun
margt fólk hafa í hyggju að gánga til
Guðsborðs.

Einsog eg hefi skrifað þetta bréf
með hinu besta trausti til minna yfirvalda

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

safnaðar, svo get eg ekki annað en unað
það með þeirri von, að úr slíku verði svo
vandað, að það fái Guði til dýrðar og söfn-
-uðinum til sóma.

Reykjavík, 25. Octbr 1859.

Ó. Pálsson.

Til
Bæjarstjórnarinnar í Reykjavíkur kaupstað og
Hreppstjórnarinnar í Seltjarnarness hreppi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptirrit af brjefi Dómkirkjuprests Ó. Páls-
sonar, til Stiptamtmansins dags. 22. Oct. 1859.

Síðan Orgelið í Dómkirkjunni bilaðist á
næstl. Trinitatis sunnudag, hefir það verið
nokkra sunnudaga, sem enginn hefir sá
verið viðstaddur í kirkjunni, er gæfi sig
fram til að standa fyrir saung, og hefir
þá skrifari Jón Eiríksson hjer í bænum
gjört það, og mun eg stundum, er eg sá
hann vera staddan í kirkjunni, hafa mælst
til þessa af honum, til þess að firra
söfnuðinn því hneyksli að gjöra skyndilegt
messufall. Í gærkvöldi fekk eg frá nefnd-
-um Jóni innlagt brjef, í hverju hann
mælist undan framvegis að standa fyrir
öðrum forsaungvara störfum í dómkirkjunni,

ad Bf. N. 18/59

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

en að "svara prestinum„ og jafnvel krefur af mjer endurgjald, fyrir það sem hann hafi þannig unnið fram yfir skyldu sína.

Með þessu móti er ekki annað sýnna, en að svo geti, ef til vill borið undir, að regluleg guðsþjónustugjörð hljóti að fyrirfarast þegar minnst varir, af því að enginn gefi sig til að vera fyrir saung-num, og væri það bæði til baga og hneyksli fyrir söfnuðinn. En þareð vankvæði þetta orsakast af bilun Orgelsins, sem að undanförnu hefir ráðið saungnum, þá leyfi eg mér að tjá Y. H. frá þessu, sem hinum æðsta hérstöddum umsjónarmanni dómkirkjunnar, og um leið auðmjúklegast að mælast til þess, að Yðar Háæruverðugheitum mætti þóknast, svo lengi sem Orgelið ekki er við haft, að gjöra ráðstöfun fyrir, að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

einhver stödug forstada sé fyrir saung í kirkjunni; því hvadan sem sú forstada eda tilhlutun til hennar ætti ad koma mun því svo best verda framgengt, ad y. H., sem yfirumsjónarmadur kirkjunnar hlutist til um þad mál.

Ad endingu leyfi eg mér ad geta þess, ad á morgun verdur hér ekki messad, en laust fyrir sunnudaginn þar á eptir þyrfti þetta ad vera komid í víst horf.

In fidem
Ó Pálsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Kammer-Regnskab fra 30. Juni til 30. Sptbr Aar 1859

| 1859 | Indtægt | Rdlr | ß | 1859 | Udgivt | Rdlr | ß |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Juni 30 | Udestaaende Restancer | 1665 | 56. | Juni 30 | Saldo mig Tilgode | 78 | 46. |
| | Afgivt af Hlidarhüstun | 40 | 57. | | Vægteren | 33 | 74 |
| | Grundskat betalt af Magnus i Melshus | 1 | . | | Gjordemødrene | 1 | 32 |
| | For at slaa Græs i Vatnsmyren btl. af Samme | 1 | . | | Forsangeren i Domkirken | 6 | . |
| | Tillæg til Ligningslisten | 17 | 48 | | Fattigvæsenet | 224 | 54 |
| | | | | | Arbeidspenge ved Byens Gader &c | 99 | 48 |
| | | | | | Vandposterne | 28 | . |
| | | | | | Uvisse Udgifter | 83 | 79 |
| | | | | | Restancer f. for. Aar 66.76 | | |
| | | | | | do. d. Aar 759-82 | 826 | 62 |
| | | | | | Pr. Cassa | 343 | 54 |
| | Summa | 1725 | 65 | | Summa | 1725 | 65. |

Reykiavik den 30. September 1859

C. O. Robb

pt

Hansen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

POLICEN-STEMPEL

Mk 15. für 1 Jahr
Zehntz
Schmidt

d: 4 Jan: 1861.

**Versicherte Summe:**

Bco ₰ 4500.

**Prämie:**

Bco ₰ 22. 8

Gott mit uns

**Anfang der Versicherung:**

den 31 December 1860

**Ende derselben:**

den 31 December 1861

№ 120099

# POLICE

## für Feuersgefahr

der

## Hamburg-Bremer Feuer-Versicherungs-Gesellschaft in Hamburg.

**Hamburg**, den 31 December 1860

Die **Hamburg-Bremer Feuer-Versicherungs-Gesellschaft** versichert gegen Feuerschaden auf den Grund der umstehenden allgemeinen und der nachfolgenden besonderen Bedingungen auf die Dauer von einem Jahre

nämlich vom einunddreißigsten December Achtzehnhundert sechszig Mittags 12 Uhr

bis zu dem einunddreißigsten December Achtzehnhundert einundsechszig Mittags 12 Uhr

Herrn C. F. Siemsen in Hamburg für Rechnung der Commune in Reikiavik

auf das von Stein und Holz unter Schieferdach erbaute Schulhaus in Reikiavik Bco ₰ 4500.

à 1/2 % Bco ₰ 22. 8

Der Director:

Alfred Klauhold

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með bréfi 26. þ. m. hefir fulltrúanefndin sent mér umkvörtun frá Guðmundi Erlendssyni í Dúkskoti yfir því, að bygginganefndin hafi skipað honum að breyta og vinda við til réttari stefnu grundvelli, er hann hefir lagt undir timburhús, er hann ætlar að byggja á Hlíðarhúsa lóð, samkvæmt útvísun bygginganefndarinnar og hefir fulltrúanefndin mælt fram með, að Guðmundur Erlendsson gæti komist hjá breytingu þessari, breytingum og lagt til móti sín til að bygginganefndin, um leið og hún tæki ákvörðun áhrærandi ~~nýjann~~ aðal-veg frá Kaupstaðnum út að Hlíðarhúsum, samkvæmt ósk fulltrúanna í bréfi 11. þ. m., tæki jafnframt til yfirvegunar hvort ekki stefnan á þessum nýja vegi gæti lagast eptir húsi G. Erlendssonar, eins og Grundvöllurinn er nú lagður undir það.

Eg get ~~-~~ í þessu tilefni ekki dulist þess, að þar sem fulltrúanefndin hefir í ~~en~~danum í bréfi sínu fremur sveigst að því orðum, að bygginganefndin og eg sem bæjarfógeti munum ekki hafa gjört skyldu okkar með því ekki að tiltaka gleggra stefnu fyrir húsi G. Erlendssonar og með því að vilja ekki hafa eptirlit með stefnu Grundvallarins, meðan verið var að leggja hann, þá hefði mátt ætlast til þess, að fulltrúanefndin í málefni, sem ekki heyrir beinlínis undir verkahring hennar eins og þetta, hefði leytað upplýsinga um málið, áður en hún hefði farið að láta í ljósi meiningu sína um það, og verð eg, án þess x að fara fleiri orðum hér um, að mótmæla því, að bygginganefndin eða eg sem bæjarfógeti höfum ekki að öllu farið rétt að við þá um ræddu útmælingu eða síðar, jafnframt og eg læt fylgja útskript af téðri útmælingu, svo og eptirrit af ~~téð~~ bréfi bygginganefndarinnar til Stiptamtsins frá 16. þ. m. og af bréfi Stiptamtsins frá 18. þ. m., og um leið og eg skal geta þess, að opið bréf 29. maí 1839 aðeins skipar bygginganefndinni, að ávísa byggingarstæðin, að því viðbættu, að bæjarfógetinn skuli

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

því næst mæla þau út hlutadeigendum og hefir þótt venja verið fyrir því, bæði í minni tíð og áður, að slík útmæling frá bæjarfógetans hálfu hefir að eins verið fyrirtekin eptir sérstakri ósk hlutadeiganda og á móti borgun.

Að öðru leyti sést það á skjölum þeim sem fylgja, að orsökin til þess, að byggingarnefndin ekki hefir getað álitið að hús Guðmundar Erlendssonar gæti staðið eins og grundvöllurinn er lagður, er sú, að þar með væri raskað þeirri stefnu á ofannefndri götu eða aðalveg frá Kaupstaðnum að Elliðarhúsum, sem nefndin hefir álitið að yrði sú besta, og var þá álitið að bein og góð stefna götunnar væri svo mikils verð fyrir ókomna tíð, að ekki mætti sleppa þessu sjónarmiði fyrir tilhliðrun við einstakan mann, en þar eð það er að sjá af bréfi fulltrúanna, að þeir kunni að hafa aðra meiningu en bygginganefndin um stefnu hins umrædda vegar, skal eg biðja fulltrúanefndina að taka undir yfirvegun, hver stefna væri best tilfallin fyrir ofanefndri götu og skal eg, þegar eg hefi fengið álit fulltrúanna þar um, bera það undir byggingarnefndina, svo hún samkvæmt bréfi fulltrúanna frá 11. þ. m. taki síðar ákvörðun um stefnu götunnar og sú gjörð nefndarinnar verði síðan lögð undir amtsúrskurð.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík, 30 Júní 1860.

V Finsen

Til
Fulltrúa Reykjavíkur bæjar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptirrit

af brjefi bygginganefndarinnar til Stiptamtsins 15 Juni 1860.

Í brjefi 9. þ. m. hefir Stiptamtið óskað álits bygginganefndarinnar um hér með aptursendandi umkvörtun frá Guðmundi Erlendssyni yfir því að byggingarnefndin hefir vísað honum að breyta grundvelli undir húsi sem hann ætlar að byggja á Hlíðarhúsa lóð.

Þessu til svars lætur bygginganefndin ekki hjá líða að geta þess, að í gjörð nefndarinnar frá 15. f. m., er samþykkt er af Stiptamtinu 16. s. m. og af hverri Guðmundur Erlendsson hefir fengið útskript, er með berum og skýrum orðum tiltekið, að ofannefnt íbúðar hús, sem Guðmundur ætlar að byggja, skuli snúa í sömu átt (parallelt) og geymsluhús Jóns Þórðarsonar í Hlíðarhúsum, en þessari skipun hefir ekki verið fylgt, þegar grundvöllurinn undir það umrædda hús var settur og er það í ekki sinn, að byggingarnefndin og einkum meðundirskrifaður byggingarfulltrúi skipaði Guðmundi að færa til grundvöllinn, sem reyndar ekki verður gjört án kostnaðar, en sem þó getur vel skeð, án þess að rífa niður grunninn, og hlýtur G. Erlendsson sjálfur að kenna sér um kostnað þenna af því hann hefir ekki séð um, að fylgja reglum þeim sem bygginganefndin og Amtið hafði sett honum, og sem alls engum vanda var að fylgja. Að því leyti þess er getið, að einn af bygginganefndarmönnunum hafi fengið boð frá G. Erlendssyni um, að aðgæta, hvort grundvöllurinn væri rjett lagður, en sagst ekki komast til þess, þá álítur nefndin, að ekki verði gefin þessum nefndarmanni sök á því, þó hann ekki hafi farið úr annari vinnu til þess að mæla það út, sem hlutaðeiganda var innanhandar að fá rjett útmælt af hverjum öðrum almennilegum smið; og hvað það snertir að bygginganefndin hafi komið þar fram hjá, þegar farið var að setja grundvöllinn, en þá ekki sagt neitt endilegt um, hvort hann væri rjett settur, þá er því reyndar svo varið, að bygginganefndin um það leyti kom þar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fram hjá, en hafði þá önnur útmælingarstörf fyrir hendi, og var því að eins Guðmundi sagt, að hann yrði að taka almennilegan mið, til að aðgæta og mæla hvort grundvöllurinn væri réttur og var því þá með berum orðum bætt við, að honum væri þetta áríðandi, því hann mætti búast við, að flytja grundvöllinn, ef hann yrði settur í ranga stefnu. Þar ed byggingarnefndin nú þar að auki álítur, að stefna sú fyrir götunni, sem mynduð er með ofannefndu geymsluhúsi Jóns Þórðarsonar, sé vel tilfallin og gatan því að eins getur orðið í lagi, ef sömu stefnunni er fylgt með öll húsin í henni, af hverjum þetta er eitt, hlýtur nefndin þannig að halda sér til útmælingarinnar frá 15. þ.m., og getur ekki mælt fram með, að Guðmundi Erlendssyni sé leyft að láta húsið standa eins og grundvöllurinn nú er lagður.

Rétt eptirrit staðfestir

v Finsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptirrit

af brefi Stiptamtsins til bæjarfógetans í Reykjavík ~~byggingarnefndarinnar~~ frá 18 Juni 1860.

Með þóknanlegu bréfi byggingarnefndarinnar frá í fyrra dag hefi eg meðtekið endursent erindi Guðmundar tómthússmanns Erlendssonar, hvar í hann hefir beiðzt þess, að bygging sú, sem hann hefir byrjað að byggja í Hlíðarhúsa lóð verði látin standa þrátt fyrir það, að hann ekki hefir lagt grundvöllinn til hennar samkvæmt því, sem honum var fyrirlagt af byggingarnefndinni.

Þar sem það er víst, að Guðmundi Erlendssyni við útvísunina var gefin sú lína, sem hann átti að fylgja með grundvöllinn, að norðanverðu við veginn og þar sem honum síðar var gefið að skilja að honum væri áríðandi að víkja ekki frá ákvörðun byggingarnefndarinnar, þar hann hlyti að breyta grundvellinum, ef hann yrði öðruvísi lagður en til var ætlazt, þá verður ekki séð betur, með því einnig var búið að samþykkja útvísun nefndarinnar, en að Guðmundur verði að bera sjálfur þá óhægð, er honum hefir stofnazt af gáleysi hans eða hirðuleysi í að gæta þeirrar reglu, er honum bar að fylgja og að sú af byggingarnefndinni tekna ákvörðun hljóti við mart að standa.

Þetta vilduð þér þóknanlega tilkynna hlutaðeiganda.
Íslands Stiptamtshúsi 18. Juni 1860
M. Jónasson
ass.

Til
bæjarfógetans í Reykjavík

Rétt eptirrit staðfestir
V. Finsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Útskript
úr byggingarnefndarbók Reykjavíkur bæjar.

Ár 1860, þriðjudaginn hinn 15. maí átti byggingarnefndin fund og voru þá tekin fyrir þessi málefni.

---

4. Guðmundi Erlendssyni á Hjalla, sem þar til hefir leyfi frá E. Thorstensens, var í Svartaskóla í Hlíðarhúsalandi útmælt stæði undir timburhús, 11 álnir á lengd frá austri til vesturs, en 8 álnir á breidd frá norðri til suðurs. Þar stefna er mynduð með geymsluhúsi Jóns Þórðarsonar í Hlíðarhúsum, eptir hverri er gjört ráð fyrir, að gatan kunni að verða lögð, var ákveðið, að það hér umrædda timburhús skuli snúa í sömu átt, (parallelt) og téð geymsluhús, og verður það rétt fyrir norðan götuna, sem nú er, en austurgaflinn á húsinu á að vera í 35 álna fjarlægð frá Merkisteins lóð.

Fundi slitið

V. Finsen. Jón Pétursson. J. Sveinsson. E. Jónsson.

Rétta útskript staðfestir
V. Finsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á Undirboðsþingi því, er eg í dag hefi haldið samkvæmt ósk bæjarfulltrúanna í brefi 26. f. Mt., til að reyna hver vilji taka að sèr fyrir minnst verð að hreinsa og moka upp lækin, var einungis eitt boð gjört í verk þetta, nefnilega af Guðbrandi Guðnasyni, sem bauð 150 rd.

Þar eg álít sjálfsagt, að ekki verði gengið að boði þessu, hefi eg gefið Guðbrandi Guðnasyni til kynna að boð hans eigi yrði samþykkt, og verður því víst eigi annað fyrir en að bæjarstjórnin taki menn til að gjöra hið umrædda verk, hvað ef til vill vill gæti komið til yfirvegunar á fundi þeim, er eg hefi heyrt að fulltrúanefndin muni halda á morgun eða hinn daginn.

Skrifstofu bæjarfogeta í Reykjavík, 3 Júlí 1860.

v Finsen

Til

Bæjarfulltrúanna.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Inn. 13/7 1860 G.

Eptirrit af brjefinu mínu frá í dag til bæjargjaldkerans áhrærandi 40 rd lán það, sem bæjarstjórnin í fyrra tók úr Thorkilliisjóði, læt eg ekki hjá líða að senda hér með hinum hátt virtu bæjarfulltrúum.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík, 7 júlí 1860.

V Finsen

Til

Bæjarfulltrúanna í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

(Eptirrit) af bréfi bæjarfogetans til bæjargjaldkera, kaupmanns C. O. Robb. 7. júlí 1860.

Bæjarstjórn Reykjavíkur kaupstaðar hefir, samkvæmt skuldabréfi, dagsettu 3 júni f. á., tekið 400 rdl lán af Thorkillii sjóði móti 40 rd. afdrætti á ári, fyrsta sinn árið 1861, svo og móti 4 pC. leigu.

Fyr greindum 400 rd. hefi eg í fyrra sumar veitt móttöku, bæjarsjóðsins vegna, og hefi eg aptur borgað þá út á þann hátt, sem hér segir, nefnilega:

1. til útgjalda fátækrasjóðsins til fátækragjaldkera, kaupmanns H. Johnsens, samkvæmt meðfylgjandi kvittun, dagsettri 7. júni f. á. 290 rd „
2. sem endurgjald til jarðabókarsjóðsins af styrk þeim, sem bæjarsjóðsins vegna hefir verið greiddur fyrverandi lögreglustjóni Hendrichsen úr ríkissjóðnum fyrir árið 1857, 30 rd., fyrir árið 1858, 40 rd., og fyrir 1859, 40 rd., samtals .......... 110 „

= 400 „

Um leið og eg tilkynni yður þetta, sem hafði gleymst í fyrra, áður en eg sigldi, læt eg hér með fylgja viðurkenningu mína fyrir móttöku ofannefndra samtals 400 rd. úr bæjarsjóðnum, og ber yður þá aptur á móti að taka hið umrædda lánsfé til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

inntektar í reikningi yðar og óska eg viðurkenn-
ingar yðar fyrir móttöku þess.

Rétt eptirrit staðfestir
V Finsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

m —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mtt. 13/8 60 Gudm.

Hér með læt eg ekki hjá líða, að senda fulltrúanefndinni eptirrit af gjafabréfi stórkaupmanns P. C. Knudtzons og kaupmanns C. F. Siemsens, dagsettu 25 og 28 April þ. á. fyrir húsinu N°6 í Hafnarstræti til barnaskóla fyrir Reykjavíkurbæ.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík, 30. júlí 1860.

V Finsen

Umleið og þetta mál verðr tekið til búðar á fundi [illegible] eg mega beiðast ~~alit~~ yfirvegunar og álits heiðraðra háttvirtra fulltrúa um, hvað hentast muni vera að afráða um ráðstöfun, gjörða og máske aðgjörð til bráða byrgða á þetta húseign nú þegar til næstu vordaga

Jón Guðmundsson

Til

Bæjarfulltrúanna í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Innk. 13/1 1860

Stiptamtið hefir hinn 6. þ. m. skrifað mér á þessa leið:

Herra Cancelliráð hefir með bréfi frá 7. þ. m., sent Amtinu útskript af útvísunargjörð byggingarnefndarinnar frá 3. s. m. á bæjarstæði handa Pétri Skúlasyni og á hússtæði handa smiðnum Jacob Sveinssyni í staðinn fyrir það hússtæði, sem honum hafði verið útmælt 1. júní f. á. á Austurvelli, þar sem það eptir skýrslu yðar væri almenn ósk bæjarmanna, að Austurvöllur mætti haldast eins og hann nú er og þessu samkvæmt hafið þér mælt fram með því að sú ákvörðun yrði gjörð, að ekki skuli mega byggja á Austurvelli eptirleiðis og ályktunin frá 30. júní 1853 þannig aptur felldist úr gildi.

Út af þessu undanfelli ég ekki hér með að gefa yður Herra Cancelliráð til þóknanlegrar vitundar og auglýsingar fyrir hlutaðeigendum, að útvísanir þær, sem hér ræðir um eru samþykktar af Amtinu eins og þær liggja fyrir, því að varla hefir Assistent Stephensen hreift mótmælum gegn útvísuninni á hússtæðina

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til Jakobs Sveinssonar á Þeimstað, sem til er
tekið af nefndinni, en af þeim ástæðum, sem
teknar eru fram í sjálfri útvísunargjörðinni
hefi eg ekki fundið tilefni til að taka þessi
mótmæli til greina; svo virðist ástæða til,
að gatan ekki takist af undir að húsi Steffen-
sens heldur verði 7álna millibil milli hussins
og Lækjarkots lóðar.

Hvað það snertir, að eigi skuli mega
byggja eptirleiðis á Austurvelli, hlýt eg að
vera því samdóma, að það sé æskilegt að
komast hjá því, enda eru bæjarmenn og
bæjarfulltrúarnir á sama máli um það, að
það sé óhagfelt, og eg sé heldur enga nauðsyn
til að binda sig við ályktunina frá 1853 í því efni
og skil ekki betur en hún getur tekist aptur
þegar öllum kemur saman um að gjöra það,
og eins og eg því ekki mun gefa mitt sam-
þykki til að byggt verði á Austurvelli, þannig
er eg einnig viss um, að þeir sem taka við

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

af mèr eigi heldur muni leyfa það gegn áliti bæjar-
fógeta og bæjarfulltrúa, sem í slíku máli hljóta
að hafa mest að segja."

Þetta lèt eg ekki hjá líða að tilkynna hèr með
hinni háttvirtu fulltrúanefnd.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík, 11 ágúst 1860.

V Finsen

Til

Bæjarfulltrúanna í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Innk. 13/8 60

Á uppboðsþingi, er eg samkvæmt ályktun bæjarstjórnarinnar hefi haldið hinn 31. f. m. á leigunni á hinu svo nefnda Stöðlakotssefi, eða sefenginu austanmegin við tjörnina, fyrir fardagaárin 1860/61 og 1861/62, varð yfirdómari B. Sveinsson hæstbjóðandi með 3rd. 48/ í árlega leigu og þar eð boð þetta virtist svo gott, að ekki gæti verið von á að meira fengist, réði eg af að gefa téðum yfirdómara B. Sveinssyni bæjarstjórnarinnar vegna tilkynna þegar á uppboðsþinginu, að þetta boð hans væri samþykkt.

Þetta lét eg ekki hjá líða, að tilkynna hinni hátt virta fulltrúa nefnd, um leið og eg vona að hún fallist á þessar mínar aðgjörðir.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík, 11 ágúst 1860.

V. Finsen

Til

Bæjarfulltrúanna í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samt. 13/8 60 J

Að kaupmaður C. F. Siemsen, eptir ósk minni, hafi hinn 11. þ. m. aptur tekið við borgarabréfi sínu sem kaupmanni hér í bænum tjáist hér með fulltrúa nefndinni.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík, 11 ágúst 1860.

V. Finsen

Til

Bæjarfulltrúanna í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Innk. 17/8 60 J

Stiptamtið hefir í tilefni af umkvörtun kaupmanns W. Fischers yfir bæjargjaldi hans þ.á. skrifað mér hinn 27. f. m. á þessa leið:

„Með bæjarstjórnarinnar heiðruðu bréfi af 24. þ.m. hefi eg meðtekið álit yðar út af umkvörtun kaupmanns W. Fischers viðvíkjandi bæjargjaldi hans þ.á., og skal eg þá leyfa mér að athuga, að eg, þar sem bæjarstjórnin ekki álítur, að umkvörtunin geti komið til greina fyrir þá skuld, að hún sé ofseint uppborin verð að álíta þetta réttlátt með hans vetúrlegri fjær vera og þegar eg þar næst hvað upphæð gjaldsins snertir, ber hann saman við aðra hér í bænum, sem eru í líkri stöðu, virðist ekki betur, en að hún sé nokkuð í frekara lagi og að upphæðin þannig sé hæfilega metin til 20 rd; hvað eg hér með leyfi mér að biðja yður að tilkynna kærandanum og bæjarins gjaldkera."

Þetta tilkynnist hér með fulltrúa-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nefndinni.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík, 11 ágúst 1860.
V Finsen

Til

Bæjarfulltrúaanna í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Um leið og eg sendi fulltrúanefndinni meðfylgjandi bréf frá í gær frá fátækrastjóra Ó. Steingrímssyni, hvar í hann beiðist lausnar frá þessum starfa sínum frá næstkomandi nýári, skal eg geta þess, að eg hefi fullvissað mig um, að það er rétt hermt, sem í bréfinu segir að Ó. Steingrímsson hefir af bæjarfulltrúunum verið kosinn ~~verið~~ í fátækranefndina á fundi 19 maí 1851, eptir því, sem bókað er í þeirri gjörðabók bæjarstjórnarinnar sem liggur hér við skjalasafnið, og hlýt eg því, að álíta réttast að kosning sú á öðrum fátækrastjóra, sem skrifast hefir verið á um á seinast liðnum vetri, álítist ógjörð, en að Ólafi sé nú tilkynnt að hann fái lausn frá næsta nýári og þá sé reglulega kosinn af fulltrúunum maður í hans stað.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík, 16 August 1860

V. Finsen

Til

Bæjarfulltrúanna í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

/ Um hérfylgjandi bæðni frá snikkara Einari Jónssyni, frá í gjær, um að fá leyfi til gegn gjaldi ~~frá~~ til bæjarsjóðs að slá inn annum gamlar grafir í Vatnsmýrinni skal eg beiðast álits fulltrúanna og þar með skjalið endursent.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík, 16. August 1860

V Finsen

Til

Bæjarfulltrúanna í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Meðfylgjandi bréf frá fangaverði Steenberg læt eg ekki hjá líða að senda yður, svo það verði lagt fyrir bæjarfulltrúana til álits þeirra og aðgjörða.

Bréfið óskast endursent.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík, 8 september 1860.

[illegible]

Til

Formanns Bæjarfulltrúanna, J. Guðmundssonar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Kæmner-Regnskab fra 1e Januar til 31e Martz 1860

| 1860 | Indtægt | Rdlr | ß |
|---|---|---|---|
| | Resterende Communalbidrag fra förr Aar | 107 | 23 |
| | do Tunleie | 37 | 16 |
| | do Grundskat | " | 48 |
| | Cassabeholdning s. f. Aar | 300 | 77 |
| | Summa | 445 | 68 |

| 1860 | Udgivt | Rdlr | ß |
|---|---|---|---|
| | Vægteren | 60 | " |
| | Gjordemödrene | 10 | " |
| | Fattigvæsenet | 170 | " |
| | Arbeidspenge ved Byens Gader Renser etc | 31 | 32 |
| | Vandposterne | 1 | 24 |
| | Uvisse Udgivter | 2 | 64 |
| | Resterende Communalbidrag | 107 | 23 |
| | " Tunleie | 37 | 16 |
| | " Grundskat | " | 48 |
| | Cassabeholdning | 25 | 53 |
| | Summa | 445 | 68 |

Reikiavik 31e Martz 1860

C. O. Robb

pt Kæmner

9. 180 30

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

H. Fr. |||
G. Sl. |||.
G. J. ||
J. P. ||

R

C

J P

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Kammer-Regnskab fra 1ste April til 30te Juni Aar 1860.

| 1860 | Indtagt | Rdlr | β |
|---|---|---|---|
| | Resterende Communalbidrag f. forr. Quart. | 107 | 23. |
| | do Tuntoie | 37 | 16. |
| | do Grundskat | : | 48 |
| | Cassabeholdning | 25 | 53. |
| | Indkommet fra Afg. Kjøbmand Th. Johnsens Boe | 100 | : |
| | Paalignede Bidrag dette Aar | 1701 | 15. |
| | Tiende | 95 | 24 |
| | Summa | 2066 | 83 |

| 1860 | Udgivt | Rdlr | β |
|---|---|---|---|
| | Vægteren | 75 | 24 |
| | Politibet. Uniformspenge | 5 | : |
| | Forsangeren i Domkirken | 6 | : |
| | Arbeidspenge ved Byens Goder Steiner etc | 155 | 48 |
| | Reparation af Inventarium | 4 | : |
| | Vandpostene | 1 | : |
| | Uvisse Udgivter | 11 | 56 |
| | Afg. Doktor M. Mathiesens Restance aftergivet | 6 | : |
| | Restancer fra forrige Aar — — 101rd 23β | | |
| | do dette Aar til Dato 1621 : 33 | 1722 | 56 |
| | do Grundskat forr. Aar | : | 48. |
| | Cassabeholdning | 79 | 43. |
| | Summa | 2066 | 83. |

Reykiavik 30te Juni 1860

C. O. Robb

pt

Kammer

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Kæmner-Regnskab fra 1te Juli til 30te Septbr 1860

| 1860 | Indtagt | Rdlr | ß |
|---|---|---|---|
| Juli 1. | Cassabeholdning | 79 | 43. |
| | Restancer fra forr. Qvartal | 1722 | 56. |
| | do. Grundskat | . | 48. |
| 5. | Afgivt af Hlidarhûs betalt af Cancellier. V. Finsen | 44 | 60 |
| Aug 22. | Vandpenge for Skibene betalt til Dato af Finsen | 18 | . |
| Septbr 13. | Indbetalt fra Afg. Kjöbmand Th. Johnsens Boe ved Möller | 100 | . |
| | Tillæg til Ligningslisten | 14 | 48. |
| | Modtaget af Cancellier. V. Finsen af de forr: Aar af Thorkellii Sound laante 400 Rd. | 110 | . |
| | Endnu indestaaende ved Afg Kjöbmd Th. Johnsens Boe af de forr: A: af Thorkellii Sound laante 400 Rd. | 90 | . |
| | Summa | 2179 | 63. |

| 1860 | Udgivt | | Rdlr | ß |
|---|---|---|---|---|
| | Vægteren | | 34 | 20 |
| | Gjordemödrene | | 3 | 36. |
| | Forsangeren i Domkirken | | 3 | . |
| | Fattigvæsenet | | 400 | . |
| | Arbeidspenge ved Byens Gader, Renner &c | | 142 | 26. |
| | Understöttelse til Hendriksen betalt til Cancellier aad Finsen for Aar 1857.58.59.60 | | 150 | . |
| | Uvisse Udgifter | | 32 | 71 |
| | Afgivt til Helgafells Præst af Hlidarhûs | | 40 | 60 |
| | Eftergivet Etatsraad Th. Johnsen af Tûnleie f. a. | | 2 | 16. |
| | Restancer fra forrige Aar | 94 Rd. 23 ß | | |
| | do. til Dato dette Aar | 1025 . 18 | 1119 | 41 |
| | do. Grundskat | | . | 48 |
| | do. som indestaaende i Afg. Kjöbmand Th. Johnsens Boe af de forr: Aar af Thorkellii Sound laante 400 Rd. | | 90 | . |
| | Pr. Cassa | | 161 | 33. |
| | Summa | | 2179 | 63. |

Reikiavik den 30te September 1860

O. O. Robb

Kæmner

a. b. c. d. e. f. g. h. i. k. l. m. n. o. p. q. r. s. t. u. v. x. y. z. æ. ø

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mtt. 4/10 -60 J.

Um meðfylgjandi bónarbréf frá fyrverandi lögreglu þjóni H. Hendrichsen leyfi eg mèr að óska álits og aðgjörða hinna heiðruðu bæjarfulltrúa.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík, 3. Okt 1860

H Jónsson

cst.

Til

Bæjarfulltrúanna í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mtt 3/10 60 G

Um 2 meðfylgjandi bónarbréf um útmælingu af bæjarlóðinni frá þeim Einari Jónssyni í Mýrarholti og Kristjáni Gíslasyni, sem í vor hefir fengið útmælt bæjarstæði fyrir sunnan Grímstaði leyfi eg mér að leita álites bæjarstjórnarinnar um með hvaða kjörum útmælingarnar mætti veitast. – Bréfin óskast endursend.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík, 27 septbr 1860.

V. Finsen

Til

Bæjarfulltrúanna í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Meðt 3/10 60 Gudm

Um meðfylgjandi reikning, um hvern, eptir því, sem nú lítur út, er óvíst, hvort hann nokkurntíma hefir komið til álita fulltrúanna leyfi eg mér hér með að óska álits þeirra, og skal eg jafnframt geta þess, að annar reikningur frá sama manni, upp á 31rd. 74s, er þegar ávísaður til borgunar bæði af því, að meiri hluti ~~borgaranna~~ fulltrúanna hafði þegar skrifað undir ávísun hans, jafnvel þó formaðurinn væri á öðru máli, og af því, að eg álít, að jafnvel þó það hafi verið auglýst almenningi fyrir góðrar reglu sakir, að reikningar skyldu vera sendir innan viss tíma eptir að verkið er unnið, sé hvorki ástæða né þörf til að beita því gegn þeim af meðlimum bæjarstjórnarinnar, sem í hennar umboði hefir staðið fyrir, eða látið vinna einhverja bæjarvinnu, eins og reglan að líkindum aldrei hefir verið viðtekin með tilliti til þeirra.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík, 2. Okt. 1860.

V. Finsen(?)
cst.

Til
Bæjarfulltrúanna í Reykjavíkur Kaupstað.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mtt. 13/10 60 Guðm.

Um meðfylgjandi bréf og álitsskýrslu Stiptamtsins leyfi eg mér hér með að beiðast álits hinna heiðruðu bæjarfulltrúa, sem æskilegt væri að þeir gætu gefið við fyrsta hentugleika.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík, 13. Okt. 1860.

V. Finsson

cst.

Til

Bæjarfulltrúanna í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur